

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2021

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á unglingsstigi:

Vetur

Það er sem systurnar Drífa, Fönn og Mjöll séu úti
svo mikill snjór er.
Kári bróðir þeirra hefur gert vart við sig
og sleppir bola sínum á bæjarbúa.
Hvítur snjórinn leggst yfir ískalt landið,
og allir vita að Vetur konungur er kominn til að vera.

Elísabet Eldey Dagbjartsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Sveitin

Sit hér úti á bakka og horfi á
sólina setjast á hafið. Hlusta á fossinn
detta og fuglana syngja meðan ég hugsa
um þennan sumardag. Þetta var svo
ekkert slæmur dagur.

Jóna Birna Kjartansdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Að eilífu

Að eilífu, að eilífu
þegiðu, ekki segja að eilífu
það verður að vera endir
ef það er upphaf
ég vil ekki hlusta á það
of margir sannleikar
eða of mörg hrós
ég vil ekki hlusta á það
ég var bara svo hrædd
því kannski hafði ég aldrei elskað þig

Emelía Rán Arnarsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Hringekja lífsins

12 mánuðir

52 vikur

365 dagar

8760 klukkustundir

snjór, frost, sól og rigning

rigning, sól, frost og snjór

líf mitt er hringekja

hringekjan hættir aldrei að snúast

Brynja Bjarnadóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Bla, bla, bla

Við tölum og tölum,

tölum um framkvæmdir.

Við tölum og tölum,

en við þurfum að horfast í augu við

hluti sem geta ekki verið á bið.

Við tölum og tölum

en framkvæmum aldrei.

Ingunn María Brynjarsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Margt er ekki eins og það sýnist

Ég er dáið þegar ég er á lífi,

mér er ískalt þegar ég er að deyja úr hita.

Ég er málglöð þegar ég vil ekkert tala,

ég er klár þegar ég er orðin að hálfvita.

Ingunn María Brynjarsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Glerhaus

Næturljósið glampar.
Hafið leggst niður
í glerhaus.

Laufin rísa.
Hurðir opnast
í vind ímyndunaraflsins.

Fjöll krjúpa niður.
Öldur og aldir hlaupa samtímis
í glerhaus.

Alex Róbertsson, 10. bekk Sæmundarskóla

Rauður

Uppáhaldsliturinn hans
var rauður. Hann stakk mig
í hjartað, blóð fór út um allt
en það var fallegt
vegna þess að rauður var
uppáhaldsliturinn hans.

Telma Sif Sölvadóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Hann

Kofinn stendur stakur,
þar inni situr gamall maður,
yfir krossgátu hann þjalast,
minnist þeirra daga er
hann var ungur sveinn.

Fannar Grétarsson, 10. bekk Sæmundarskóla

Ástin

Ijós framtíðar minnar er að dofna
vegna barnalegrar ástar minnar
villtist ég á draumabraut
eitur metnaðar míns

ég brýndi hnífinn minn á hverjum degi
en vegna óviðráðanlegrar græðgi
varð hnífurinn sljór
ég veit þetta allt

Þessi ást er annað nafn yfir djöfulinn
ekki halda í hönd þeirra
ég öskraði en sveik mína eigin samvisku

beitti raunveruleikinn
ég finn meira fyrir honum á hverjum degi
rauðu blóðblettirnir
eftir að hafa verið rifin í sundur
af raunveruleikanum

Emelía Rán Arnarsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Andvaka

ég ligg og bíð,
eftir að hljóðin hætti,
ég vona að það gerist í tæka tíð,
og ég geti farið í hina víddina,
ég vildi að ég gæti hætt að hugsa,
en ég er glaðvakandi,
og er búinn að vera í tvo tíma,
og ég heyri í FIFA frammi,
viltu bara þegja heili

Viktor Kári Ólason, 9. bekk Sæmundarskóla

Köld nóttin

Hvellur og maður fallinn
blóðslettur á veggjum
og fíkniefni á borðinu.
Löggan á leiðinni og gæinn
einn á lífi, lokaður inni í köldum
klefa með ruslfæði á fatinu, ísköld
nóttin hún verður alltaf eins

Eyþór Ingi Bjarkarsson, 9. bekk Sæmundarskóla

Sagan

Ævintýrasaga
spennusaga
fyndin saga
sorgleg saga
Hver dagur með þér
er besta sagan.

Emilía Íris Óskarsdóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Ljóð

Hafðu beina mynd
hugblæ og titil
þetta er ekki flókið.

Peta Guðrún Hjartardóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Ástin sem þú gefur

Þegar þú horfir á mig,
þá fæ ég fiðring í magan,
enginn orð geta útskýrt þína fegurð,
það er enginn demantur jafn stór
og þeir sem eru í augunum þínum hvernig
augun þín glitra eins og jólaseríurnar í gluggakistunni
hversu dökkt hárið þitt er eins og næturhimininn hvernig það
rennur í gegnum fingur mína í hvert sinn ég held á því,
hvernig söngroddin þín er eins og fuglar að syngja
að tennur þínar eru jafn hvítar og snjórinn slétti hversu blá
augun þín eru jafnblá og hafið blátt, hversu djúp þau
eru, hversu stór augun þín eru, hvernig enginn veit hversu blíð
þú ert, þegar að rigningin er að rigna þá ert það þú sem
lýsir daginn og býrð til regnboga líkt og sólinn myndi gera,
þegar þú labbar inní stofuna þá lýsir þá það líkt og
ljósið myndi gera, þegar það er orðið dimmt þá
ert þú ljósið mitt, þú lýsir dimmuna upp
maður er ekki hræddur þegar
þú ert hjá manni
Ég hef engar
áhyggjur
þú bjargaðir
mér.

Emilía Íris Óskarsdóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Pétur Pan hafði rétt fyrir sér

Stundum velti ég því
fyrir mér hvers vegna
Pétur Pan vildi ekki
verða stór en núna
skil ég það, kannski
ef ég ólst upp með
„betri” barnæsku væri
ég ekki að skrifa
þetta. Mér var alltaf
sagt að Hvergiland
væri ævintýri sem
rætist ekki en núna
mun ég hafa gluggann
minn opinn þangað til.

Júlía Bergs Ríkhardsdóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Traffik

Umferð

Hún stoppar ekki

Hausinn á mér er

nálægt því að springa. Hver einasta

hugsun kemur hlaupandi

hver á eftir annarri.

Og stoppar ekki.

Eins og kröftugur foss.

Ég er þreytt

þreytt á þessu öllu saman.

Þreytt á hve margar nætur ég

eyði með því að horfa á sama loftið.

Aftur og aftur og aftur.

Jóna Birna Kjartansdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Sorgin stjórnar

Hún sat við gluggann og horfði út.

Hugsaði um gleðina sem hafði farið

farið á brott.

Sorgin hafði tekið yfir og

tárin brutust fram.

Hún réð ekki við sig

heldur sat bara og grét.

Brátt finnur hún gleðina aftur

og brosið sem skærast skín.

Sorgin stjórnar hennar lífi á margan hátt.

Hún skemmir hennar vilja og tekur undir vorkunn.

En þegar gleðin finnur hana aftur á ný

verður lífið betra.

Loks svífur hún í gegnum daginn

og hlakkar til að vakna á ný.

Guðrún Ýr Birkisdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Snjócoma

Ég geng út um hurð mína,
snjókorn í kringum mig alla.
Þau flögra um eins og fiðrildi
á sumardegi eða lauf um haust.
Í logninu falla þau niður öll á
sama hraða, ekkert eins og
annað líkt og mannfólk á jörðinni.
Hlutverk þeirra er að því virðist
að hrúgast upp og mynda skafla.
Þar til sólin eða regnið ákveða
örlög þeirra og þau bráðna,
hvert þeirra einstakt að formi og gerð.

Margrét Sóley Gunnlaugsdóttir, 10. bekk Sæmundarskóla

Finndu ljósið

Finndu ljósið segir mamma
hennar stanslaust við hana.
Hún leitar á hverjum degi en
það eina sem hún finnur er
myrkur. Hún stendur uppi á þaki
á hárri byggingu. Hún óskar að
finna ljósið. Hún lokar augunum
og tekur djúpan anda.
Þegar hún opnar augun sér hún
bjart ljós. „Ég fann það mamma
ég fann það.”

Telma Sif Sölvadóttir, Sæmundarskóla

Heltekin

Ég þoli hana ekki
Ég elska hann
Hún starir á mig eins og ég sé eitthvað skrytinn
Ég elska allar 23 freknurnar á andliti hans
Ég veit ekki einu sinni hvað hún heitir
Ég þrái ekki heitar en að hrópa nafnið hans
Ég heyrði að hún væri nýflutt í hverfið
Ég er svo glöð að ég grátbað mömmu að leyfa mér
að skipta um skóla
Ég hef ekki einu sinni talað við hana
Ég elska hvernig hann leggur áherslu á
k-in sín
Ég þekki hana ekki neitt
Hann er ástin í lífi mínu

Anya María Mosty, 10. bekk Sæmundarskóla

Stríðsátök

Úti kvaka fuglar
kisa er í vígahug.
Músin glottir við tönn,
friðurinn er úti.

Þegar músin geyspar golunni
hlær kötturinn.
Enn heyrast skothvellir
í Sýrlandi.

Kjartan Bjarnason, 10. bekk Sæmundarskóla

Desember

Allt úti er hvítt,
himinninn er dekkri en kol.
Grýlukerti hanga niður af þakinu
og snjókarl veifar mér í vindinum.
Allt er gott
það eru að koma jól.

Kara Sóley Guðmundsdóttir, 9. bekk Sæmundarskóla

Flug

Allt mitt líf
hef ég legið niðri,
falið mig fyrir rokinu

Alla mína ævi
hef ég grátið,
barist á móti
og allt til einskis

En nú,
hvað sem þú segir,
hvað sem þú gerir,
ég stend á móti vindinum
og tek á loft

Alex Róbertsson, 10. bekk Sæmundarskóla

Þessi helvítis kvíði

Hann dregur mig niður lengra og lengra
ég finn þrýsting á lungu og get ekki andað
mig langar til að öskra
öskra þessum helvítis kvíða í burt
með tár í augum og þyngd á öxlum
frá öllu sem hann hendir á mig
en um leið og einhver spyr „ertu góð?“
svara ég alltaf „já“ með bros á munni

Heiða Mjöll Tryggvadóttir, 9. bekk Sæmundarskóla

Lífið er gjöf

Hætta, ekki hætta
Gera, ekki gera
Þú ert of áhyggjufullur
um hvað var
og hvað verður

Í gær - er búið
á morgun - þarf að bíða
Í dag - er til að njóta

Pedro Jón Örn Monteiro, 9. bekk Sæmundarskóla

ó
Stjarna
min svo
fögur og fín minnir mig á Jesú
sem ljós í litla lífi mínu
glóir svo sem stjarna.
Líf mitt þú litar á degi
hverjum og maga minn
þú seðjar þegar illa mér
líður þú bjargvættur
ert líkt og engill
á himni berst
þú mér.

Því þú ert ljósið mitt

Er þetta ást?

augun hans eins og stjörnur

brosið hans eins og eitt það fallegasta

sem nokkur maður getur séð

hárið hans eins og silki

er þetta ást?

er þetta ást?

er þetta ást?

ég roðna þegar ég sé hann

get ekki litið á hann þegar hann talar

er þetta ást?

er þetta ást?

er þetta ást?

hann veit ekki að ég sé til

var þetta draumur?

var þetta draumur?

var þetta draumur?

Birna Lillý Birgisdóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Stjörnurnar

Kvöldið er svo hljóðlát og dimmt án þín.

Á kvöldin horfi ég upp í stjörnurnar og óska þess að þú værir hérna hjá mér.

Á kvöldin horfi ég upp í stjörnurnar og óska þess að þú værir ekki farinn.

Á kvöldin horfi ég upp í stjörnurnar og óska þess að þú hefðir aldrei farið frá mér.

Á kvöldin horfi ég upp í stjörnurnar og óska þess að þú komir aftur.

En það er ekki hægt. Núna ertu farinn og þú kemur aldrei aftur.

Sara Lillý Hólmgrímsdóttir, 8. bekk Sæmundarskóla

Enginn vinnur tímann

Tíminn hleypur
hvað sem þú gerir
nærðu honum
ekki
Þú eldist á hverri
sekúndu
þú getur ekki
UNNIÐ

Hektor Orri Ingimarsson, 8. bekk Sæmundarskóla

Brostið hjarta

Grænu augun
gyllta hárið
ég skal koma
og þerra tárið.
Brosið þitt sólbjarta
sorgin teymir brostið hjarta.

Una Hólm Ólafsdóttir, 8. L Laugalækjarskóla

Þessi strákur

Hann horfir á mig á göngunum
ég elska bláu augun hans
þau minna mig á
bláa hafið.
Stóra brosið hans fyllir hjartað mitt
af gleði.

Kristína Ngoc Linh Davíðsdóttir, 8. L Laugalækjarskóla

Draumurinn

Í lífsins ólgu hafsins
býr draumur um betra líf
Lát hjartað geyma en ekki gleyma
að vera til

Hákon Daði Magnússon, Dalvíkurskóla

Styttur

Styttur standa kyrrar
en æpa á hjálp.

Fólk labbar fram hjá
en sjá ekki hvað þetta er sárt.

Ég skil hvað þau segja,
því hér stend ég.

Mjallhvít að lit.

Hulda H.G. 8.U Laugalækjarskóla

Vor

Sólin er hátt á himni
smá saman verður snjórinn að vatni.
Þú finnur lykt af gömlu grasi
sem er búið að vera í felum
allann veturinn.

Þú finnur fyrir sólargeislum lýsa upp daginn.
það heyrir hlátur ungra barna sem
leika sér úti í fótbolta í fyrsta skiptið á árinu.

Fuglarnir syngja sinn fallega vorsöng og
smám saman lifna blómin við
og grasið fær fallegan grænan lit.
Þá veistu að það er komið vor.

Sólveig Lára Skarphéðinsdóttir, 10. ÞH Brekkuskóla

Perla

Er degi tekur að halla
og stjörnuþjört nóttin er,
ég hugsa um augun þín björtu
og þann tíma sem þú varst hjá mér.

Þú varst alltaf svo glaðbeitt og fjörug
og hafðir svo gaman að leik.
Og ef hindranir urðu á vegi,
þú alltaf gekkst þó áfram keik.

Þín dökkbrúnu djúpu augu
og hvernig þú stökkst um tún.
Þú hafðir svo fallegan feldinn
að telja mætti sem dún.

Hugsa ég til þeirra stunda
er horfði í augu þín.
Þú langbest ert allra hunda,
elsku Perla mín.

Steinunn Sóllilja Dagsdóttir, 8.bekk, Dalvíkurskóla

Ég horfi út yfir sjóinn,
ég vildi að ég væri dáin
fyrirgefðu ef þú vaknar og ég er látin
gat bara ekki verið hérna lengur.
Ég horfi á hnífinn í hönd minni
vildi að ég væri að halda höndinni þinni.
En ég veit innst inni
að þér er sama um mig.
Ég finn fyrir reiði og sársauka í hjarta mínu
vil ekki finna það lengur
Fyrirgefðu..

Ester Jana Kristjánsdóttir, Dalvíkurskóla

Unglings stelpa

Bólur, slit,
allt of feit
allt of mjó,
of stór
of smá,
unglingsárin erfið,
lítið sjálfstraust stelpa hefur.

Unnur Elsa Aðalsteinsdóttir, Dalvíkurskóla

Ljós á myrkum vegi

Vér stöndum saman
í gegnum lífsins veg
og ryðjumst í gegnum
lífsins snjóskafla.

Því handan snjóskafllanna
bíður okkar sól og sumar.
Þótt því fylgi ekki alltaf
fiðrildi og blóm,
þá vitum vér
að hið versta er yfirstaðið.

Því þótt myrkrið
sé yfirgnæfandi
og eilíft,
er ljósið, sumarið
og vonin
ávallt til staðar.

Jónatan Smári Guðmundsson, 10. bekk Þelamerkurskóla



Baltasar, 9. bekk Hlíðarskóla Akureyri

Hæka
Yfir Mosfellsbæ
leika flugvélar listir
þjartan vetrardag

Hæka
Á Patreksfirði
kaupa menn ullarsokka
fyrir vetrarnótt

Hæka
Yfir Reykjavík
lýsa norðurljós veginn
dimma vetrarnótt

Gunnar Þór Sigurðarson 8. bekk Oddeyrarskóla

Skálduð persóna

Þú fylltir sál mína
þegar hún hafði verið þurrkuð
þú fékkst mig til að elska
þegar ég var viss um að ást
væri þvæla
En svo fórstu
eins og ekkert væri einfaldara
En þú varst aldrei til
eða varstu?

Thelma, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Þú

Ég hef séð fullkomnustu
sólsetur
og heyrt bestu brandarana
Ég hef snert rólegustu höfin
og lyktað af bestu blómum
En oft finn ég mig
gráta yfir þessum fallegu hlutum
Ekki út af hamingju
heldur sorg
Vegna þess að sama hversu
fallegt lífið er
líður mér svo tómlega án þín

Thelma, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Allt sem þú átt

Þú getur sett allt sem þú
átt inn í þennan heim
samt mun einhver
segja þér að það sé ekki nóg
En það skiptir ekki máli
þetta er ekki um þá
þetta er um þig
Þú þarft bara að vera nóg
fyrir þig

Thelma, 9.bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Heima hjá mér er dreki

Heima hjá mér er dreki
hann sefur í kassa undir rúminu,
og étur pöddur og plöntur og lítill húsgögn.
Eiginlega allt sem kemst í litla munninn hans.
Hann hefur verið hér í fimm daga
Og enginn veit neitt.
En einn dag, þegar hann var með kvef,
hnerraði hann svo hátt að hálf t húsíð brann.
Heima hjá mér var dreki.
En nú er hann horfinn, ásamt hálfu húsinu.

Hafey, 10.bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

	17-18-19	52-53-54	
1-2-3	20-21-22-23	55-56-57-58-59	
4-5-6	24-25	60-61-62	63-64-65
7-8-9	28-29	66-67-68	69-70-71
10-11	32-33	72-73-74	75-76-77
12-13	36-37	78-79-80	81-82-83
14-15-16	40-41	84-85-86	87-88-89
	44-45-46-47-48	90-91-92-93-94-95	100
	49-50-51	96-97-98-99	

Já þetta er smá,
en gott að vita
því einhver þarf nú að sjá
hvar 100 tölur sitja.

Hafey, 10.bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólagangan

Það byrjaði allt í fyrsta bekk,
þegar að við lásum okkar fyrstu bækur,
skrifuðum okkar fyrstu sögur
og reiknuðum okkar fyrstu dæmi.

Á miðstiginu gerðist margt,
allt frá snjóstríðum til skólabúða,
svo byrjuðum við að læra dönsku,
en maður gat ekki beðið eftir að komast á unglíngastigið.

Unglíngastigið byrjaði ljómandi vel,
allir að plana fermingar og veislur,
svo kom hið blessaða Covid,
og okkur var hent heim.

Fjarkennsla í fullum gangi,
fermingum var frestað,
Andrés og Samfés var flautað af,
hvað gerist næst?

Nú erum við í tíunda bekk,
brátt erum við að fara,
aldrei upplifað venjulegt ár á unglíngastigi,
brátt lýkur okkar grunnskólagöngu.

Laufey Petra, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Hvað er Covid að pæla?

Covid er með stæla
Hvað ertu eiginlega að pæla?
Andlitsgrímur og spritt
Fer þetta með egoið þitt?

Félagslífið alveg að bresta
Andlega heilsan ekki alveg sú besta.
Aleinn heima maður situr og leiðist
og hundinum líka, honum hundleiðist.

Heima alein ég læri.

Þórný, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ljóðsonlagið

Loftið vér og loftið þér
við deilum því með öllum.
Hugsum þar og hugsum hér
um loft og líf við spjöllum

Hvaða uppbot er nú hér?
Um eitthvað ósonlag.
Segðu mikið, segðu mér
hvað er þetta skýjalag?

Já ósonlagið er mikilvægt
geislar fjólbláir.
Komast ekki nálægt þér
að þér þú nú gáir.

Öngþveiti í pólitík
öllum er alveg sama.
Komum frekar kærleiksrík
af krafti vinnum saman.

Verndum okkur, verndum jörð
hættum að menga svona.
Já okkar kynslóð okkar hjörð
ekki bíða bara og vona.

Kolfinna, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar
